

Í Háaleitisskóla leggjum við áherslu á að vinna með grunnþætti menntunar á eftirfarandi hátt:

Læsi felst í færni nemenda í því að nota mörg táknerfi og miðla til þess að skapa merkingu og koma henni á framfæri.

Heilbrigði og velferð byggist á því að veita nemendum heilsusamlegt umhverfi, hvort sem horft er til líkamlegra, andlegra eða félagslegra þátta.

Sjálfbærni felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna ekki í lakara ástandi en við tókum við því. Menntun til sjálfbærni þarf að leggja áherslu á þekkingu og skilning á viðfangsefnum og hæfni til að leysa þau.

Sköpun styðst við að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og vinnubrögð. Skipulag er opið, sveigjanlegt og má ná á milli námsgreina og jafnvel aldurshópa. Nemendur geta oft tekið sjálfir af skarið og haft um það að segja hvernig þeir leysa verkefni.

Lýðræði og mannréttindi leggur áherslu á að nemendur geti tjáð sig og rökstutt hugmyndir sínar frammi fyrir öðrum. Þeir þurfa að vera móttækilegir fyrir skoðunum annarra og kunna sig í samræðum/samvinnu með virkri hlustun, umburðarlyndi og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Eflum jákvæðni, heiðarleika og styrkjum sjálfsmýnd nemenda.

Jafnrétti er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda umburðarlyndis og jafnréttis.

Lykilhæfni

Lykilhæfni skiptist í fimm þætti sem lagðir eru til í Aðalnámskrá grunnskóla. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda. Stefnt er að því að meta lykilhæfni að vori 2019 í öllum árgöngum.

Tjáning og miðlun - hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega eða á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.

Skapandi og gagnrýnin hugsun - skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.

Sjálfstæði og samvinna - hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Nýting miðla og upplýsinga - hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan. skapandi og gagnrýninn hátt.

Ábyrgð og mat á eigin námi - hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Bakgrunnsupplýsingar

Nemendur í 4. bekk eru 42, 22 drengir og 20 stúlkur. Umsjónarkennarar eru Linda Björk Kvaran og Jurgita Milleriene. Sérgreinakennarar eru Silvía V. Björgvinsdóttir (sjónlistir) og Óskar Birgisson (hönnun- upplýsinga og tæknimennt), Guðmundur Steinarsson (skólaíþróttir), Björk Sverrissdóttir (heimilisfræði) Berglind Richardsdóttir (textílmennt).

Námsgreinar

Íslenska

Kennarar: Linda Björk Kvaran og Jurgita Milleriene, 7 kennslustundir á viku.

Menntagildi

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.

Hæfniviðmið

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur geti:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði
- tjáð sig leikrænt fyrir framan hóp og staðið fyrir máli sínu
- haft færni í að endursegja efni sem hann hefur hlustað á eða lesið
- nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi
- átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisni

Lestur og bókmenntir

Að nemendur geti:

- lesið 80-145 orð á mínútu
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta
- tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess
- valið sér lesefni eftir áhuga og þörf. Lesi sögur, ljóð, ævintýri og fræðandi efni
- beitt hugtökum eins og um persónu, boðskap, söguþræði, rími, kvæði, vísu
- aflað sér upplýsinga úr bókum og á rafrænu formi

- beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu
- lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum

Ritun

Að nemendur geti:

- dregið rétt til stafs og geti skrifað skýrt og læsilega
- nýtt þekkingu á byggingu texta s.s. upphaf, meginmál og niðurlag
- samið texta frá eigin brjósti eins og sögu, frásögn eða ljóð
- beitt einföldum stafsetningareglum og nota hjálpargögn við hæfi
- nýtt sér fyrirmyndir í ritun svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis
- skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu

Málfræði

Að nemendur geti:

- þekkt helstu einingar málsins svo sem bókstafi, hljóð, samsett orð og málsgrein
- beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska
- raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess
- gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða. Þekkt mun á samnöfnum og sérnöfnum
- leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu
- búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í texta
- gert sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði

Markmið nemenda

Að nemendur geti:

- lesið 80-145 orð á mínútu
- raðað í stafrófsröð
- kunnað regluna um ng/nk
- sett n/nn á viðeigandi hátt
- þekkt tvöfaldan samhljóða

- þekkt sérhljóða
- þekkt samhljóða
- kunnað nafnorð og viti að þau skiptast í sérnöfn og samnöfn
- vitað kyn nafnorða
- þekkt hugtakið andheiti og geti beitt því
- þekkt hugtakið samheiti og geti beitt því
- þekkt samsett orð
- þekkt eintölu/fleirtölu
- byrjað setningu á stórum staf og endað á punkti
- svarað spurningum í heilum setningum
- kunnað að draga rétt til stafs
- láti stafi sitja á línu
- haft jafnt og hæfilegt bil á milli stafa og orða
- passað að hæð stafa er jöfn og jafn halli
- notast við tengikróka
- notað rím

Kennsluhættir

Í íslenskukennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum eftir því hvar þeir eru staddir. Hver nemandi les reglulega fyrir umsjónarkennarann sinn. Umsjónarkennari les upp orð og nemendur skrifa niður í stílabók. Nemendur fara yfir orðin sjálfir og leiðrétta með því að strika yfir rangt orð og skrifa rétt orð við hliðina. Í framsögn lesa þau upphátt fyrir bekkinn sögur sem þau hafa samið. Í byrjun skólaárs eru nemendur raddlestrarprófaðir og fá nemendur heimalestrabók miðað við þann atkvæðafjölda sem þau lásu uppá. Fjölbreytt verkefni eru notuð í kennslu svo sem vinnubækur, spil, leikir og margskonar skapandi verkefni. Margar kennslustundir hefjast á innlögn og sýnikennslu og í framhaldinu fá nemendur fjölbreytt verkefni til að æfa sig í því sem lagt var inn. Nemendur þurfa bæði að vinna í litlum hópum og sjálfstætt. Leitast er við að höfða til áhugasviðs nemenda.

Námsgögn

- Lestrabækur við hæfi hvers og eins
- Málrækt 1
- Skrift 4 og ljósrituð verkefni

- Loftur og gullfuglarnir les- og vinnubók
- Ritunarverkefni og málfræðiverkefni frá kennara
- Kóngar í ríki sínu og prinsessan Petra, lesbók og vinnubók
- Lesrún 2

Námsmat

Kennari metur áhuga, virkni og vinnu nemenda sem tekið er mið af í vinnueinkunn. Kennari fylgist stöðugt með vinnusemi og framförum nemenda m.a. í formi kannana og símats.

Kennari metur sögugerð nemanda, framfarir og frágang.

Haust:

- Málfræði: 2x kannanir 25% hvor, lokapróf 50%
- Stafsetning: 2x stafsetningakannanir 25% hver, stafsetningarpróf 50%
- Lesskilningur: orðarún 50%, 2x lesskilningspróf 25% hvor
- Hraðlestur: prufað 4x yfir skólaárið
- Skrift: lokapróf 100%

Vor:

- Málfræði: 2x kannanir 25% hvor, lokapróf 50%
- Stafsetning: 2x stafsetningakannanir 25% hver, stafsetningarpróf 50%
- Lesskilningur: orðarún 50%, 2x lesskilningspróf 25% hvor
- Hraðlestur: prufað 4x yfir skólaárið
- Skrift: lokapróf 100%

Stærðfræði

Kennarar: Linda Björk Kvaran og Jurgita Milleriene, 6 kennslustundir á viku.

Menntagildi Verkefni stærðfræðinnar eru að finna skapa, tjá og útsýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Hún er þannig ein af mikilvægustu leiðum mannsins til að skapa merkingu og skilja náttúru og samfélag. Hún er jafnframt tæki til að hafa áhrif á hvoru tveggja.

Hæfniviðmið**Að geta spurt og svarað með stærðfræði**

Að nemendur geti:

- tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir
- sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi
- rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnleiðum og fylgt röksemdarfærslu annarra

Markmið nemenda

Að nemendur geti:

- tekið þátt í samræðum um stærðfræði.
- leyst stærðfræðiþrautir.
- lesið úr og búið til töflur og myndrit
- rökrætt stærðfræði

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

Að nemendur geti:

- unnið í samstarfi við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna
- notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra
- notast við hentug verkfæri s.s. gögn, talnalínu, vasareikni og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við dagleg mál

Markmið nemenda

Að nemendur geti:

- unnið í hópavinnu
- notað myndmál og texta

- notað hjálpartæki eins og talnalínu, vasareikni, tölvur, kennslupeninga, reglustiku og talnagrind
- túlkað og notað stærðfræðitákn

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Að nemendur geti:

- notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gera sér grein fyrir verðgildi peninga
- tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar
- kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum
- lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð
- undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda
- borið skynbragð á hvaða möguleikar og takmörk stærðfræðinnar eru til að lýsa veruleikanum

Markmið nemenda

Að nemendur geti:

- notað fjölbreyttar lausnaleyðir
- sett fram tilgátu og gert tilraunir
- unnið með stærðfræði hugtök
- kynnt stærðfræði verkefni
- tekið þátt í hópavinnu
- notað stærðfræði í daglegu lífi

Tölur og reikningur

Að nemendur geti:

- gefið dæmi um hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi
- notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman
- reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt

- tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum

Markmið nemenda

Að nemendur geti:

- gefið dæmi um einfaldan brotareikning
- reiknað, raðað og borið saman náttúrulegar tölur
- notað helstu reikniaðferðir s.s. samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu
- reiknað í huganum

Algebra

Að nemendur geti:

- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstri og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spá fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti,
- notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð,
- fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.

Markmið nemenda

Að nemendur geti:

- unnið með mynstur og líkön
- kunnað skil á minni en, stærri en og jafnt og
- fundið lausnir á einföldum jöfnum og eyðufyllingum

Rúmfræði og mælingar

Að nemendur geti:

- notað hugtök úr rúmfræði s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu

- unnið með mælikvarða og lögun
- áætlað og mælt ólíka mælieiginleika s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða
- rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn

Markmið nemenda

Að nemendur geti:

- notað hugtök úr rúmfræði s.s. um form og stærðir
- unnið með mælikvarða og lögun
- notað viðeigandi mælikvarða við mælingar á lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastigi

Tölfræði og líkindi

Að nemendur geti:

- talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit
- tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit bæði eigin og annarra
- tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð
- gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum

Markmið nemenda

Að nemendur geti:

- talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit
- tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun
- tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð
- gert einfaldar tilraunir með líkur

Reikniaðgerðir

Að nemendur kunni:

- aðgerðarmerkin + - = x
- hugtökin summa/samlagning
- mismunur/frádráttur
- margfeldi
- sléttar tölur og oddatölur
- kunni á skífu- og tölvuklukku
- að vinna með tímatal (daga - vikur - mánuði)
- að geyma tug og hundrað
- að taka til láns, tug og hundrað
- að setja upp dæmi – „tálnahús“
- að reikna á talnalínu +, -, x
- sætisgildi, einingu, tug og hundruð
- að námunda að tug, hundrað, þúsund
- margföldunartöfluna
- að margfalda tvær tölur með einni tölu
- að deila /deilikrökur
- að vinna með tugabrot og almenn brot
- á peninga
- vinna með vasareikni
- að leysa orðadæmi
- negatífar tölur og á talnalínu

Rúmfræði og mælingar

Að nemendur kunni:

- að vinna með spegilása
- að vinna með ummál, þyngd, flatarmál og mælingar
- að vinna með hnitakerfi
- að vinna með mælieiningar- metra/lítra/kíló.

- á hring, horn og hyrninga

Mynstur og algebra

Að nemendur:

- kynnist einföldum eyðufyllingum ($1 + \underline{\quad} = 2$)
- kynnist notkun bókstafa fyrir tölur
- kunni að vinna með talnamynstur

Tölfræði og líkur

Að nemendur kunni:

- að telja , flokka og skrá ýmsa hluti
- að lesa úr töflum og súluritum
- að gera töflur og súlurit
- að reikna meðaltal

Hlutföll

Að nemendur kunni:

- að þekkja hlutföllin helmingur, þriðjungur og fjórðungur
- að minnka og stækka flatarmyndir
- að finna 1 %, 10 % og 50 % af stærð eða fjölda

Kennsluhættir

Unnið er markvisst með Sprotabækurnar. Kennari leggur inn efni á töflu eða glæru og hver vinnur svo á sínum hraða. Lögð verður áhersla á fjölbreytt vinnubrögð og fá nemendur tækifæri til að leysa stærðfræðileg viðfangsefni á eigin forsendum með þeim gögnum sem þeir kjósa. Kennari mun leitast við að koma til móts við getu hvern og eins. Áhersla verður á einstaklingsvinnu í verkefnabókum, hópavinnu og læra með leik og spilum.

Námsgögn

- Sproti 4a og 4b æfingahefti og nemendabók
- Efni frá kennara
- Ljósrit

Námsmat**Haust:**

Lokapróf 50%

Kannanir 50%

Vor:

Lokapróf 50%

Kannanir 50%

Erlend tungumál**Kennarar:** Linda Björk Kvaran og Jurgita Milleriene, 2 kennslustundir á viku.**Námsmarkmið:**

Að nemendur geti:

- skilið einföld orð og setningar um viðfangsefni sem eru kunnugleg
- skilið helstu kveðjur og kurteisisorð í samskiptum
- þjálfast í að vinna markvisst með orðaforða, þjálfist í réttri stafsetningu og geti nýtt orðaforðann í ritun

Kennsluhættir

Kennari stýrir kennslunni með beinni kennslu. Mikið vinnubókarnám. Nemendur vinna í hópum með orðabækur og glósa. Hlustunar- og ritunaræfingar verða í hávegum hafðar.

Námsgögn:

- Speak out – lesbók
- Work out – vinnubók
- Ljósritað efni frá kennara

Námsmat:**Haust:**

Lokapróf 50%

2x kannanir 20% hver

Munnlegt próf 5%

Vor:

Munnlegt próf 5%

Lokapróf 50%

2x kannanir 20% hver

Náttúrugreinar

Kennarar: Linda Björk Kvaran og Jurgita Milleriene, 2 kennslustundir á viku.

Menntagildi

Undir náttúrugreinar heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðfræði, lífvísindi og umhverfismennt. Náttúrugreinar leggja áherslu á vísindalæsi. Í því fellst að nemendur geti lesið texta um náttúrvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og mannleg fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið um verklag

Geta til aðgerða

Að nemendur geti:

- tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum
- greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Að nemendur geti:

- bent á störf sem krefjast sérþekkingar

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Að nemendur geti:

- miðlað í máli og myndum hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum
- notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum

Vinnubrögð og færni

Að nemendur geti:

- tekið þátt í náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum
- aflað sér upplýsinga er varða náttúruna
- notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga
- hlustað á og rætt hugmyndir annarra

Ábyrgð á umhverfinu

Að nemendur geti:

- tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð
- rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns

Hæfniviðmið um viðfangsefni**Að búa á jörðinni**

Að nemendur geti:

- sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum
- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks

Lífsskilyrði manna

Að nemendur geti:

- lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf

Náttúra Íslands

Að nemendur geti:

- greint milli algengustu orkugjafa á Íslandi
- sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða

Heilbrigði umhverfisins

Að nemendur geti:

- fjallað um samspil manns og náttúru

Kennsluhættir

Nemendur munu lesa námsefnið með kennara og vinna verkefni úr lesefni. Lögð verður áhersla á fjölbreytta kennsluhætti þar má nefna þemavinnu, tilraunir, umræður og vettvangsferðir.

Námsgögn

- Komdu og skoðaðu eldgos
- Náttúran allan ársins hring
- Komdu og skoðaðu himingeiminn

Námsmat

Kennari metur virkni og vinnu nemenda með símati og athugunum. Nemendur fá einkunn út frá því í lok annar.

Samfélagsgreinar (lífsleikni og trúarbragðafræði)

Kennarar: Linda Björk Kvaran og Jurgita Milleriene, 4 kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið:**Reynsluheimur**

Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann

Að nemendur geti:

- borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu
- sagt frá einkennum og sögum heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi
- rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi
- gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa
- sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir
- bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi
- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni
- áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra

- sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum sem tengjast nærsamfélaginu
- velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika
- komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, s.s. umhverfi og skipulag samfélaga
- sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú
- bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum
- áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum
- velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breyttni
- áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa
- bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu
- bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins
- áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu
- varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu

Hugarheimur

Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Að nemendur geti:

- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venju
- bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig
- bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim
- gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur
- áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem sorg og reiði
- gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
- gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna
- sett sig í spor annarra

Félagsheimur

Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Að nemendur geti:

- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi

- áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum
- hlustað og greint ólíkar skoðanir
- rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni
- rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti
- áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum
- sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
- sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur
- sett sig inn í málefni nærsamfélagsins
- sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi

Lífsleikni

Að nemendur geti:

- farið eftir grunnþáttum í PBS agakerfinu
- tileinkað sér jákvæða hegðun
- sýnt tillitssemi

Kennsluhættir:

Nemendur lesa upphátt fyrir hvort annað úr námsefninu og með kennara. Umræðu og spurnaraðferð verður notuð til að ræða um kaflann. Nemendur vinna verkefni úr hverjum kafla í vinnubók. Nemendur munu setja upp leikþætti í hópum fyrir bekkinn byggða á íslenskum þjóðsögum og Íslandi áður fyrr. Í byrjun skóla eru bekkjarreglur búnar til ásamt því að unnið er með innleiðingu á PBS agakerfið sem er stuðningur við jákvæða hegðun. Nemendur læra einkunnarorðin í PBS, ábyrgð – samvinna – tillitssemi.

Námsgögn:

- Komdu og skoðaðu Íslenska þjóðhætti
- Komdu og skoðaðu mannkynssöguna
- PBS- fræðsla

- Ljósrit og efni frá kennara

Námsmat:

Kennari metur virkni og vinnu nemenda með símati og þemaverkefni. Nemendur fá einkunn út frá því í lok annar.

Upplýsinga- og tæknimennt

Kennarar: Óskar Birgisson, 1 kennslustund á viku.

Hæfniviðmið:**Vinnulag og vinnubrögð**

Að nemendur geti:

- nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, til lesturs hlustunar og leitarnáms
- nýtt sér rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag
- sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnu og verkefnum undir leiðsögn
- gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði
- beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Að nemendur geti:

- leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu
- nýtt sér rafrænt og gagnvirk tæknisefni
- unnið með heimildir
- nýtt sér upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna
- nýtt sér hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum

Tækni og búnaður

Að nemendur geti:

- lært að kveikja á tölvu, skrá sig inn á tölvuna og ganga rétt frá henni að lokinni notkun
- notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra ganga
- nýtt hugbúnað við einfalda vefsmíð
- notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu

Sköpun og miðlun

Að nemendur geti:

- lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi
- notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt

Siðferði og öryggismál

Að nemendur geti:

- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga
- farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og eru meðvitaðir um siðferðislegt gildi þeirra

Námsgögn:

- Tölvubúnaður
- Ritvinnsluforritið Microsoft Office Word
- Teikniforritið Paint
- Margmiðlunarefni
- Ýmiskonar æfingarefni af veraldarvefnum
- Verkefni (ljósrit) frá kennara

Kennsluhættir:

- Bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum frá kennara. Sýnikennsla, kennari sýnir á skjávarpa hvernig á að vinna verkefni. Reynt verður eftir mætti að samþætta upplýsingatækni og aðrar námsgreinar eins og hægt er yfir veturinn.

Námsmat:

- Mat á frammistöðu í tímum – Frammistaða nemenda ásamt virkni og hegðun í tímum er metin til einkunnar
- Einkunn er gefin í umsögn að vori
- Umsögn – Upplýsingar um námsframvindu í foreldraviðtölum

List- og verkgreinar

Menntagildi

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta list- og verkmenningar. Þátttaka og þjálfun í gagnrýnni umræðu um handverk og listir veitir nemendum einnig aðgang að menningarorðræðu samfélagsins.

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að allir nemedur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar. Þar fá þeir tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, tóna, matarmenningu og líkamann í tíma og rúmi og tengja þannig milli hugmyndar, verka og hluta.

List- og verkgreinar geta auðveldað nemendum við lok grunnskóla að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á atvinnu- og námstækifærum innan starfs- og listnáms.

Heimilisfræði

Kennari: Björk Sverrisdóttir, 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Hæfniviðmið:

Matur og lífshættir

Að nemendur geti:

- tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
- valið mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan
- farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt
- unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar
- unnið einföld verkefni í hópi
- gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans
- hagnýtt þá leikni sem þeir hafa öðlast í einföldum verkefnum
- gengið frá eftir vinnu sína

Matur og vinnubrögð

Að nemendur geti:

- útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir
- farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli og eldhúshöld
- sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi
- nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir

Matur og umhverfi

Að nemendur geti:

- sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni
- skilið einfaldar umbúðamerkingar

Matur og menning

Að nemendur geti:

- tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat

Námsgögn

- Heimilsfræði 4

Kennsluhættir

Bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum frá kennara.

Sýnikennsla, kennari sýnir hvernig eigi að vinna verkefni, hópverkefni, nemendur vinna saman í hóp að komast að lokaafurð.

Nemendur sýni tillitssemi og kurteisi, borðsiðum og mannasiðum gerð skil með umræðum, leiknum verkþáttum nemenda, læsi í umhverfið og í venjur annara þjóða og okkar með læsi í vinnubók og uppskriftir.

Vinnubókarkennsla, nemendur vinna í vinnubók skrifleg verkefni og lesa uppskriftir og mælingar.

Námsmat:

Umsögn gefin í lok annar („Hefur náð framúrskarandi/ágætum/góðum/sæmilegum árangri í þeim námsþáttum sem lagt er upp með“).

Sjónlistir

Kennari Silvia V. Björgvinsdóttir, 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Hæfniviðmið:

Að nemendur geti:

- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar,
- skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum,
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndarheim sinn í myndverk á einfaldan hátt,
- unnið frá eigin listsköpun,
- fjallað um eigin verk og annarra,
- þekkt og gert grein fyrir völdum verkum alþjóðaleg listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins,
- greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans,
- skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar

Kennsluhættir:

- Bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum kennara.
- Sýnikennsla, kennari sýnir hvernig á að vinna verkefnið.
- Sýnishorn.

Námsgögn

- Pappír og efni til myndgerðar, teikniblýantar, vaxlitir, krítar og penslar, reglustikur, trélitir, túss, málning (Þekjulitir, vatnsmálningu)
- steinleir og glerunga
- bækur og efni frá kennara
- „Íslensk Listasaga“, Listasafn Íslands, Forlagið
- „Myndmennt I og II“ (Námsgagnastofnun)

Námsmat:

Umsögn gefin í lok annar („Hefur náð framúrskarandi/ágætum/góðum/sæmilegum árangri í þeim námsþáttum sem lagt er upp með“).

Hönnun, smíði og nýsköpun

Kennari: Óskar Birgisson, 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Hæfniviðmið:

Að nemendur geti:

Handverk:

- hannað eins og unnt er verkefni sín sjálfir og hugi að formi og litum
- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt
- gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með

Hönnun og tækni:

- dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar,
- unnið verkefni frá hugmynd með áherslu á form og útlit,
- framkvæmt einfaldar samsetningar,
- greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.
- hannað eins og unnt er verkefni sín sjálfir og hugi að formi og litum.

Umhverfi:

- valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi,
- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með,
- beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

Kennsluhættir:

- Bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum kennara.
- Sýnikennsla, kennari sýnir hvernig á að vinna verkefnið.
- Sýnishorn.
-

Námsgögn:

- Ljósrit af verkefnum
- Smíðaeftirrit, tæki og áhöld tengd greininni
- Bækur tengdar greininni
- „Smíði“ (Námshagnastofnun)
- „Smíði, hönnun og tæknimennt“ (Námshagnastofnun)
- „Hönnun og Smíði“ (Námshagnastofnun)
- „Nýsköpunarment“ (Námshagnastofnun)

Umsögn gefin í lok annar („Hefur náð framúrskarandi/ágætum/góðum/sæmilegum árangri í þeim námsþáttum sem lagt er upp með“).

Textílmennnt

Kennari: Berglind Richardsdóttir, 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Hæfniviðmið:**Handverk, aðferðir og tækni**

Að nemendur geti:

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum
- unnið úr nokkrum gerðum textílefna
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum

Sköpun, hönnun og útfærsla

Að nemendur geti:

- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu
- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt
- gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni

Menning og umhverfi

Að nemendur geti:

- sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt
- sagt frá nokkrum tegundum textílefna
- fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna
- notað ný og endurunnin efni í textílvinnu

Kennsluhættir

Sýnikennsla, umræður og verkleg kennsla þar sem nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrimælum frá kennara. Nemendur eiga að þjálfast í sjálfstæðum í vinnubrögðum sem og hjálpsemi og tillitssemi gagnvart samnemendum sínum. Nemendur eru fræddir um eiginleika ullarinnar og mikilvægi hennar í menningu Íslendinga, fyrr og nú. Nemendum er kennt að þæfa ull og þannig gera einföld verkefni

Námsefni

Ull, ýmis textílefni, saumavél, skæri, títuprjónar, nálar, palíettur, skraut tölur, ýmis efni, troð, garn, prjónar, heklunálar, námsbók um hannyrðir og ljósrit frá kennara.

Námsmat:

Umsögn gefin í lok annar („Hefur náð framúrskarandi/ágætum/góðum/sæmilegum árangri í þeim námsþáttum sem lagt er upp með“).

Skólaíþróttir

Íþróttir

Kennari: Guðmundur Steinarsson, 2 kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Að nemendur geti:

- æfingar sem reyna á þol
- hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi
- sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu
- sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt nokkrum mismunandi boltaleikjum

- tekið þátt í stöðluðum prófum

Félagslegir þættir

Að nemendur geti:

- unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að finna og tapa leikjum
- skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum
- gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans

Heilsa og efling þekkingar

Að nemendur geti:

- skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun
- útskýrt líkamlegan mun á kynjum
- notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu
- þekkt heiti helstu líkamshluta, magn- og afstöðuhugtaka og hreyfinga
- sett sér einföld þjálfunarmarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim
- sótt og unnið úr einföldum upplýsingum varðandi íþróttir
- einfaldar mælingar og talningar í leikjum
- tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum
- tekið þátt í útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs. Ratað um skólahverfi sitt og þekkt göngu- og hjólaleiðir nærumhverfis

Öryggis- og skipulagsreglur

Að nemendur geti:

- farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum

Kennsluhættir:

- Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu
- Æfingarnar geta verið einstaklingsmiðaðar þar sem nemandinn vinnur einn eftir fyrirmælum kennara og einnig para og/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum. Dæmi um para-/hópaverkefni er þegar nemendum er skipt upp í

lið sbr. tvö lið í fótbolta, eða þegar tveir nemendur eru látnir vinna saman í stöðvaþjálfun

- Dæmi um æfingar sem kennari leggur fyrir svo þau nái námsmarkmiðum eru t.d. sippa, kasta bolta, klifra í rimlum, hlaup, ganga á bekkjum, armbeygjur, kviðæfingar, eltingaleikir, boltaleikir o.s.frv
- Í samræðum við nemendur eru m.a umgengnisreglur, gildi líkamlegrar hreyfingar og íþróttamannsleg hegðun útskýrð

Námsgögn:

- Öll almenn áhöld íþróttahúsa

Námsmat:

- Mat á frammistöðu í tímum – Frammistaða nemenda ásamt virkni og hegðun í tíma er metin til einkunnar.
- Umsögn gefin í lok annar („Hefur náð framúrskarandi/ágætum/góðum/sæmilegum árangri í þeim námsþáttum sem lagt er upp með“).
- Í lok skólarárs fær nemandi skjal sem sýnir stöðu hans miðað við jafnaldra.

Sund

Kennari: Guðmundur Steinarsson, 1 kennslustund á viku.

Hæfniviðmið:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Unnið eftir 4. sundstigi

Að nemendur geti:

- synt 25 m bringusund
 - synt 15 m skólabaksund
 - synt 12 m skriðsund
 - synt 12 m baksund
 - flugsundsfótatök
 - stungið úr kroppstöðu af bakka
-
- Kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni. Synt sporðök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir

Öryggis- og skipulagsreglur

Að nemendur geti:

- farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum

Kennsluhættir:

- Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu
- Leikir t.d. köfunarleikir, ná í hringi, eltingaleikir o.s.frv

Námsgögn:

- Öll almenn áhöld sundlauga

Námsmat:

- Verklegt próf, nemendur taka 4. sundstig. Nemendur verða að ná öllum markmiðum.
- lokið/ólókið